

Innkaupalisti fyrir 10.bekk skólaárið 2010-2011

Enska: Fagastílabók (stílabók með milliblöðum). Lítil A-4 plastmappa með götum. Góð orðabók til að eiga heima.

Íslenska: Mappa (upplagt að nota möppuna frá 9. bk.) með milliblöðum og línustrikuð blöð.

Saga: A4 línustrikuð stílabók og eina A4 plastmöppu með götum.

Danska: Fagastílabók (með milliblöðum). Gott að eiga skólaorðabók heima við.

Náttúrfræði: A4 línustrikuð stílablöð og plastmappa með götum.

Stærðfræði: Gráðubogi, reglustika, sirkill, reiknivél með (pí, kvaðratrót og veldum), A-4 reiknihefti.

Sem sagt ☺

- 2 fagastílabækur
- Allavega 1, A-4 stílabók til að rífa blöð úr eða pakki af línustrikuðum blöðum, svo má alltaf kaupa meira þegar blöðin klárast
- 3 plastmöppur í mismunandi litum
- 1 harðspjaldamappa
- 1 pakki milliblöð
- 1 A-4 reiknihefti

Auk ofangreinds þurfa allir nemendur að eiga pennaveski með öllum þeim hlutum sem þar eiga að vera svo sem blýantar og a.m.k. 2 góðir pennar í sitt hvorum lit, strokleður og yddari. Einnig er gott að kaupa límmiða til að merkja bækur og möppur með. Alltaf er gott að eiga nokkur plastumslög til að geyma blöð í.

Allir nemendur þurfa síðan að hafa aðgang USB minnislykli til að skila verkefnum á. Engin verkefni frá nemendum verða prentuð út í skólanum og reynslan hefur sýnt að þegar mikið álag er á tölvupósti þá hefur það komið fyrir að verkefni skila sér ekki.

Við hvetjum alla nemendur til að fara í gegnum námsgögn frá fyrri árum og endurnýta allt sem hægt er.

Nemendur þurfa að vera búnir að útvega sér alla þessa hluti þegar þeir mæta í skólann, þriðjudaginn 24. ágúst.

Bestu kveðjur

Sif Garðarsdóttir og Sigríður Hagalínsdóttir